



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2020

ENSK20L05
Orðaforði og lestur

Kennarar:	Kristín Runólfsdóttir	Sk.st.	KR
------------------	------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í lestri texta ætluðum enskumælandi fólki, og vinna að margvíslegum verkefnum. Unnið verður með alla færniþætti þ.e. lestur, hlustun, ritun og tal/samskipti. Aukin áhersla er á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum á öllum færnisviðum. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrra námi.

Undanfari: B+ eða A að loknum grunnskóla

Námsefni:

- ✓ Kennslubók þarf að kaupa:
Headway Academic Skills – Reading, Writing, and Study Skills. Level 3
- ✓ Smásögur, greinar, fyrirlestrar og verkefni í námsumhverfi Innu
- ✓ Skáldsögu þarf að kaupa:
The Odds of Loving Grover Cleveland, eftir Rebekah Crane
- ✓ Smásögur, greinar, kvikmyndir o. fl. frá kennara og á neti.

EFNISYFIRFERÐ

Áfanginn er símatsáfangi og þess vegna er mikilvægt að vinna jafnt og þétt yfir önnina. Það er ekki lokapróf í annarlök, en nokkur verkefni og áfangapróf yfir önnina.

Headway Academic Skills level 3 er aðalkennslubókin og valdir kaflar lesnir. Þar er áhersla lögð á málnotkun, orðaforða og lestur mismunandi fræðitexta. Prófað verður úr köflunum með reglulegu millibili.

Les- og hlustunarefni í Innu Þetta eru m.a. smásögur og textar fyrir vikuleg lestrarverkefni sem nemendur lesa heima eða í tíma og vinna verkefni úr. Einnig verða vísanir í efni á netinu. Unnið verður með þetta á efni á margvíslegan hátt.

Skáldssöguna „The Odds of Loving Grover Cleveland“ lesa nemendur heima og vinna með í á netinu eða í tímum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil verður birt jafnóðum í Innu.

Sérreglur áfangans:

Mikilvægt er að fylgjast stöðugt með í Innu og athuga tölvupóst reglulega.

Hafa samband við kennara og svara póstum og láta vita af sér t.d. vegna fjarveru.

Eftirfarandi á við í skólanum:

Nemendum sem mæta bókalausir, eða ekki með þær bækur sem á að nota hverju sinni, eiga á hættu að verða vísað úr tímum og þeir skráðir fjarverandi í Innu. Einnig fá fjarvist nemendur sem mæta 20 mín. eftir upphaf kennslutíma. Notkun raftækja (t.d. snjallsíma,

spjaldtölva, eða annarra tækja) í kennslustundum er óheimil nema í tengslum við úrvinnslu verkefna í samráði við kennara.

Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema skráð séu forföll í Innu það er L, V eða W. Skrifstofan sér um þetta. Nemandi með skráð forföll þreytir próf sem hann hefur misst af í lok annar. Athugið að þessar reglur gilda um alla nemendur áfangans.

NÁMSMAT

Skilaskylda er á öllum verkefnum og prófum þar sem um símatsáfanga er að ræða.

Fyrirkomulag námsmats er sett fram með fyrirvara um breytingar vegna óvissu um kennslufyrirkomulag annarinnar:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Academic Skills level 3	3-4 próf og ritunarverkefni	40%
Skáldsaga	Ritunarverkefni og próf	15%
Smásögur	Stutt próf, ritunarverkefni o.fl.	15%
Munnlegt próf	Í annarlok, fyrirkomulag fer eftir aðstæðum	10%
Ýmis verkefni	Ritun, tjáning o.fl.	20%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðurlands, 19. ágúst 2020.

Kristín Runólfsdóttir / Guðfinna Gunnarsdóttir
Kennarar / kennslustjóri

Hæfniviðmið áfanga samkvæmt námskrá:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s. greinamerkjasetningu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa margskonar texta og beita viðeigandi lestraraðferðum
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni, ef hann þekkir vel til þess
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega
- lesa á milli línanna, átta sig á dýpri merkingu í texta
- geta útskýrt sjónarmið um efni sem er ofarlega á baugi og rakið ólík sjónarmið með og á móti
- skrifa margs konar texta og fylgja viðeigandi ritunarhefðum
- skrifa texta um valið efni þar sem hugmyndaflug fær að njóta sín